

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 31/2023

2023/EES/77/03

frá 17. mars 2023

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/139 frá 16. nóvember 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar rekstur, geymslu og endurnýjun á birgðum í bönkum Sambandsins fyrir ónæmisvaka, bóluefni og prófefni til sjúkdómsgreiningar og kröfur um smitvarnir, líföryggi og lífafmörkun vegna reksturs þessara banka <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Íslandi.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13t (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2037) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„13u. **32022 R 0139**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/139 frá 16. nóvember 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar rekstur, geymslu og endurnýjun á birgðum í bönkum Sambandsins fyrir ónæmisvaka, bóluefni og prófefni til sjúkdómsgreiningar og kröfur um smitvarnir, líföryggi og lífafmörkun vegna reksturs þessara banka (Stjtið. ESB L 23, 2.2.2022, bls. 1).

Ákvæði þessarar gerðar gilda ekki gagnvart Íslandi.“

*2. gr.*

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/139, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á norsku.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 23, 2.2.2022, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.